

Erindisbréf

Fjölskyldu- og menningarnefnd

1 gr.

Fjölskyldu- og menningamálanefnd er skipuð af sveitarstjórn Kjósarhrepps á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin annast þau verkefni sem sveitarstjórn felur nefndinni á sviði fjölskyldu- og menningarmála eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Fjölskyldu- og menningamálanefnd Kjósarhrepps er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og kjörtímabil hennar er sama og sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara. Nefndin getur skipað ritara utan nefndarinnar.

Auk nefndarmanna á sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndinni er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

3. gr.

Formaður sér um að boða til fundar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og fundartíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð rafrænt með dagskrá til nefndarmanna. Fundarboðið ásamt fylgigögnum er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Kjósarhrepps.

4. gr.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á ákveðnum fundartíma í þriðju viku mánaðar, að jafnaði annan hvern mánuð en oftar ef nauðsyn krefur í samráði við sveitarstjóra. Skal nefndin ákveða nánar um vikudag og fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við sveitarstjóra.

5. gr.

Fjölskyldu- og menningamálanefnd annast þau störf sem sveitarstjórn felur henni á sviði fjölskyldu- og menningarmála.

Við undirbúning viðburða þarf kostnaðaráætlun sem rúmast innan fjárheimilda ársins, að liggja fyrir að lágmarki fjórum vikum fyrir viðburð.

Málsmeðferð nefndarinnar skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn Kjósarhrepps, siðareglna kjörinna fulltrúa Kjósarhrepps og góða stjórnsýslumeðferð.

Hlutverk nefndarinnar er að fara með verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða menningarmál sveitarfélagsins og viðburði samkvæmt samþykktum þar um. Nefndin fer einnig með æskulýðsmál samkvæmt æskulýðslögum, nr. 70/2007.

Nefndin fer ekki með fullnaðarákvörðunarvald, heldur gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu, markmið og úrbætur í málaflokkum sem undir nefndina heyra.
- Efla ímynd sveitarfélagsins á sviði fjölskyldu- og menningarmála.
- Að koma með tillögur inn í fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar svo og starfsáætlun hvers árs.
- Hafa umsjón með Kátt í Kjós, Jólamarkaði, 17. Júní hátíð og þrettándagleði, skipulagningu þeirra og framkvæmd.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi samstarf við önnur sveitarfélög, hagsmunaaðila, samstarfsaðila og einstaklinga um málefni sem undir nefndina heyra.
- Stuðla að öflugu íþróttá-, tómsunda-, og forvarnarstarfi ungra sem aldinna.
- Að gera tillögur að úthlutun á Samfélagsstyrk Kjósarhrepps út frá þeim umsóknum sem liggja fyrir.
- Gera tillögur að fjölskylduvænni uppbyggingu í sveitarfélaginu og að aukinni þátttöku í félags- og tómsundastarfi.
- Hafa umsjón með bókasafni, gera tillögur um starfstilhögun og rekstur þess.
- Styðja við hvers konar menningarviðburði í Kjósarhreppi.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar.
- Nefndin skal styðja við starf ungmennaráðs.
- Nefndin skal sinna öðrum málefnum sem undir hana heyra eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn felur henni.

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Kjósarhrepps, eftir atvikum, s.s. ákvæði IV. kafla samþykktar um stjórn Kjósarhrepps sem varðar réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

Samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps 6. Júní 2026